

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Viðarhöfða gagnvart um ferð um Stórhöfða,
2. að biðskylda verði á tengigötu milli Gullinbrúar og Lokinhamra gagnvart umferð um Lokinhamra,
3. að einstefna verði á Ásvallagötu til vesturs milli Hofsvallagötu og Bræðraborgarstígs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. nóvember 2000.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 2000.

Böðvar Bragason,

e.u Ingimundur Einarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Kristjáns Sigtryggssonar,
Óskars Garibaldasonar og Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Kristjáns Sigtryggssonar, Óskars Garibaldasonar og Sigursveins D. Kristinssonar.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Siglufirði.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er Alþýðubandalagsfélag Siglufjarðar. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

4. gr.

Sjóðurinn mun starfa í nánum tengslum við Tónlistarskóla Siglufjarðar.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ungt tónlistarfólk, sem getið hefur sér góðan orðstír, til að afla sér meiri menntunar og reynslu á sínu sviði.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur – einmilljónáttahundruðogfimmtíuþúsund – 1.850.000 kr., lagt fram af stofnanda sjóðsins.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé
- b) Verðbætur af stofnfé
- c) Framlög og gjafir til sjóðsins
- d) Aðrar tekjur en að framan greinir

Stofnfé sjóðsins má eigi skerða að raungildi. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggum hætti. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, einn tilnefndur af stofnanda, annar af Tónlistarskóla Siglufjarðar og sá þriðji valinn af tveimur fyrrnefndu. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr sjóðnum árlega. Séu forsendur úthlutunar af einhverjum ástæðum ekki fyrir hendi leggst ráðstöfunarfé við höfuðstól sjóðsins.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá má gera vegna breyttra aðstæðna. Leita skal samþykkis slíkra breytinga hjá dómsmálaráðuneyti.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans allar renna til Tónlistarskóla Siglufjarðar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Siglufirði í október árið 2000.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.